

**Skiptileikur**

„Lítill stytta af íslenskum myndlistarmanni eftir Karin Sander er sýnd í glerskáp með víkingadóti í versluninni Víkingur og verður þar eins og hver önnur túristavara.“

Jón og séra Jón

MYNDLIST ÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR | Hafnarhús Hlynur Hallsson. Blönduð tækni. INN/ÚT Sýningin stendur til 11. janúar. Opni daglega frá kl. 10-17, fimmtudaga til kl. 22. Aðgangur ókeypis. ★★☆☆☆

Hlynur Hallsson hefur verið ólatur við að draga hversdagsleikann og pólitíkina inn í list sína. Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, hefur hann nú sett upp sýningu sem setur spurninguna um táknrænt gildi listaverka og menningarlegt vald listasafna í forgrunn. Hlynur skiptir út verkum í eigu Listasafns Reykjavíkur fyrir hluti frá nærliggjandi fyrirtækjum sem ekki eru höfundarverk ákveðinna listamanna. Þannig má sjá á sýningunni gosdrykkjakæli úr versluninni 10-11 en þar hangir í staðin blómamálverk eftir Eggert Pétursson. Spurningar um hina merkingarhlöðnu umgjörð listasafna hafa verið listamönnum hugleiknar undanfarna áratugi sem

hefur birst í endalausum rannsóknum á því hvað í veröldinni gæti ekki verið sett í listasafn og fengið upphafna stöðu listaverksins.

Það sem gerir sýningu Hlyns áhugaverða núna er að í tíðaranda sem felur í sér aðdraganda mikilla breytinga á öllu gildismati þá virkar hún sem ákveðið uppgjör við þá hugmyndafræði sem hefur verið hvað mest áberandi í samtímalist síðustu ára. Hér kemur berlega í ljós að Listasafnið er ekki, og hefur ekki verið, í þeirri stöðu að hafa vald til að upphafa hluti sem listaverk. Það trúði því engin nema listamennirnir og kannski stundum söfnin sjálf. Þegar vel tekst til í svona skiptileik er hægt að sjá hlutina frá einhverju nýju sjónarhorni en oftast eru það óspennandi endurtekningar sem byggjast á oftrú á listasöfnunum og vantrú á áhorfandanum.

Hinir lánuðu hlutir sem eru til sýnis í Hafnarhúsi, allt frá ísbirni til indverskra slæðna fá reyndar óumdeilanlega stöðu listaverka í þessu samhengi en um leið hefur staða slíkra listaverka fyrir löngu misst gildi sitt og eru oft meira virði í sínu upprunalega samhengi. Hvernig er þá virði skilgreint, er það uppsett

verð á hlut, verð sem hlutur er seldur á, notagildi hlutar eða menningarlegt vægi? Í tilfelli sýningarinnar er það hugmyndin að gjörningnum og framkvæmd hans sem hefur menningarlegt vægi. Ekki sist vegna þess að skiptileikurinn felur í sér óvæntar pólitískar og listpólitískar skírkotanir sem fá nýjan hljólm í kveppunni.

Neonskilti frá Subway sem hangir nú í Hafnarhúsi og segir „Borgið hér“ verður allt að því grátbroslegt. Lítill stytta af íslenskum myndlistarmanni eftir Karin Sander er sýnd í glerskáp með víkingadóti í versluninni Víkingur og verður þar eins og hver önnur túristavara. Málverk eftir Gunnlaug Blöndal er sýnt í litla skotinu í gallerí i8 þar sem yngstu og óþekktustu listamennirnir hafa fengið að spreyta sig gegnum tíoana en frá i8 eru hins vegar tómar bjórflöskur frá opnun sýndar í Listasafninu.

Óhætt er að mæla með sýningunni og sniðugt að vera með sýningarpésann í vasanum og kíkja eftir listaverkum á þeim tuttugu stöðum sem tilgreindir eru í miðbænum um leið og rölt er í kaffihús og verslanir á aðventunni.

Að milljörðunum foknum

BÆKUR JÓN ÓLAFSSON



SÍÐFRÆÐI | Orðspor
Gildin í samfélaginu Gunnar Hersveinn. JPV, 2008, 229 bls. ★★☆☆☆

Það er merkileg tilviljun að bókin Orðspor skuli koma út einmitt á sama tíma og vart er meira talað um annað en orðspor Íslendinga úti í heimi. Flest af því sem Gunnar Hersveinn hefur að segja er líka orð í tíma töluð og honum ratast sannarlega satt orð á munn þegar hann segir snemma í bókinni: „Fullýrt hefur verið að orðspor þjóðar geti verið margra milljarða virði í viðskiptum“ (8). Tæplega hefur hann þó grunað að þessi setning yrði jafn kirfilega sönnuð og raunin er orðin á síðustu vikum.

Gunnar Hersveinn er sumpart klassískur mórallisti. Hann stillir upp nokkrum meginbyggðum, vandar um við fólk og bendir á hin sönnu gildi í samfélaginu. En hann hefur sig líka upp yfir það hlutverk, því að hann er, ólíkt mórallistanum, róttækur frekar en fhaldsamur. Honum sviður misréttið og skeytingarleysið sem blasir við á svo mörgum sviðum samfélagsins og hann hikar ekki við að mæla með róttækum aðgerðum til að vinna bug á því.

Bókinni er skipt upp eftir þeim og eru þemakaflarnir mjög mislangir. Þeir eru



Gunnar Hersveinn
„Áhugaverður höfundur.“
Ljósmynd/Kristinn Ingvasson

líka misgóðir. Bestur finnst mér kaflinn um jafnrétti þar sem Gunnar tekur mörg dæmi um kynjamisrétti sem lifir góðu lífi jafnvel þó að menn telji sig hafa útrýmt því. Hann er hlynntur aðgerðum til að stuðla að því að kynjahlutföll í stjórnnum og ráðum séu sem jöfnust og færir rök fyrir því að það sé mikilvægt að konur komi í raun að ákvörðunum til jafns við karla, það dugi ekki að möguleikar þeirra séu formlega hinir sömu, ef karlar eru áfram yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem taka helstu ákvarðanir.

Kaflinn um trúmál er líka vel uppbyggður og í honum nýtur frumleiki Gunnars sín vel ekki síst þegar hann skrifar um „góða fólk“ sem „hefur ákveðnar skoðanir um hvernig hlutirnir eiga að vera og hvernig fólk á að hegða sér“ (184). Ég er ekki frá því að í þessum kafla skíni í gegn ákveðin írónía, sem Gunnar fer yfirleitt afskaplega vel með, stundum jafnvel of vel.

Kaflar um fjölmiðla, umhverfi, samfélag og uppeldi eru líka áhugaverðir hver fyrir sig þó að efnisval í þeim sé tilviljanakenndara. Jafnréttismálin má líka segja að séu rauði þráðurinn í bókinni. Þau eru Gunnari greinilega efst í huga.

Gunnar Hersveinn er áhugaverður höfundur og að mörgu leyti sérkennilegur. Hann skrifar einfaldan stíl sem við fyrstu sýn virðist barnalegur en leyfir mjög á sér og venst vel. Hann kemur hugmyndum sínum vel til skila, og þótt hann geri það á einfaldan hátt er hann aldrei einfaldningslegur.

Í GANGI

LEIKLIST

Vestrið eina

Borgarleikhúsið, Nýja sviðið

„Þetta er bráðskemmtileg, kolsvört kómedía, þó alvarleg í grunninn. Sýningin í heild er vel heppnuð og aðstandendum til sóma.“

Ingibjörg Þórisdóttir

Utan gátta

Þjóðleikhúsið (Kassinn)

„Hér er list leikarans höfð í fyrirrúmi þar sem orð höfundarins mynda þéttan skóg sem persónur verksins reyna að feta sig í gegnum og það er leikstjórans að leiða þær áfram.“

Ingibjörg Þórisdóttir

Fólkið í blokkinni

Borgarleikhúsið

„Leikendur eru að vísu misgóðir og það er ekki fyrr en Halldóra Geirharðsdóttir fær stærra hlutverk í framvindunni sem erlenda farandverkakonan Valery að sýningin fer á skrið.“

María Kristjánsdóttir



KVIKMYNDIR

Dögun (Rescue Dawn) ★★☆☆☆

Sýnd í Sambíóinu Álfabakka og Kringlunni

„Þungamiðja myndarinnar er þó karakterstúdí Dieters Denglers, og fer Christian Bale frábærliga með hlutverkið.“

Heiða Jóhannsdóttir

Farþegar/Passengers ★★☆☆☆

Sýnd í Sambíóunum Álfabakka og Kringlunni

„Bærilegur leikur Hathaway (*The Devil Wears Prada*), og Wilson (lék barnaníðing eftirminnilega í *Hard Candy*), hjálpar aðeins upp á sakirnar og Wiest og Morse lífga upp á mislukkaða mynd.“

Sæbjörn Valdimarsson



High School Musical 3 ★★☆☆☆

Sýnd í Sambíóinu Álfabakka og Kringlunni

„Kát og frískleg mynd fyrir táninga, aðrir ættu að halda sig í öruggri fjarlægð.“

Sæbjörn Valdimarsson


Hvernig glata má vinum og baka sér óvini (How to Lose Friends and Alienate People) ★★☆☆☆

Sýnd í Sambíóinu Álfabakka og Kringlunni

„Ljósíð í myrkrinu er breski grínistinn Simon Pegg, sem bjargar því sem bjargað verður varðandi sína persónu, og stóruleikarinn Jeff Bridges sem er frábær sem Carter, og skapar persónu sem á heima í annarri og miklu betri mynd.“

Heiða Jóhannsdóttir

MYNDLIST



Gallerí i8

Guðrún Einarsdóttir ★★☆☆☆

Sýningu lýkur 7. des.

„Guðrún stýrir uppbyggingu myndflatarinnar skipulega, jafnvel mynsturkennt, og eru verkin oft dekoratíf að sjá. Aðok þar innan eru þá hvorki í myndbyggingu né lit heldur eru þau í efniskenninni þar sem tilraunakennd efnisnotkun vegur á móti dekorasjóninni...“

Jón B. K. Ransu

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Hlynur Hallsson. ÚT/INN ★★☆☆☆

Sýningin stendur til 11. janúar

„Það sem gerir sýningu Hlyns áhugaverða núna er að í tíðaranda sem felur í sér aðdraganda mikilla breytinga á öllu gildismati virkar hún sem ákveðið uppgjör við þá hugmyndafræði sem hefur verið hvað mest áberandi í samtímalist síðustu ára.“

Þóra Þórisdóttir

Gallerí Ágúst

Guðrún Kristjánsdóttir – Myndir

Sýning stendur til 13. des.

„Uppsetning verkanna í rými gallerísins heppnast vel; annars vegar í formi stakra mynda og hins vegar sem heild tölf málerka á vegg andspænis glugganum.“

Anna Jóa